

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2019–2020

Óliver Hilmarrson
Minney Sigurðardóttir
Heiður Þórisdóttir

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2019–2020

Óliver Hilmarsson
Minney Sigurðardóttir
Heiður Þórisdóttir

LYKILSÍÐA

Skýrsla nr. VÍ 2022-003	Dags. Apríl 2022	ISSN 1670-8261	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
			Skilmálar:
Heiti skýrslu: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2019–2020			Upplag: 15 Fjöldi síðna: 103
			Framkvæmdastjóri sviðs: Ingvar Kristinsson
Höfundar: Óliver Hilmarsson, Mínney Sigurðardóttir, Heiður Þórisdóttir			Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir
			Verknúmer: 4351-0-0001
Gerð skýrslu/verkstig:			Málsnúmer: 2022-0101
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2019–2020 var snjóþungur og illviðrasamur, sérstaklega á Vestfjörðum og Norðurlandi. Óveður um miðjan desember olli langvarandi rafmagnsleysi og -truflunum á Norðurlandi og Ströndum ásamt miklu raski á samgöngum. Janúar var afar snjóþungur á Vestfjörðum og mörg snjóflóð féllu. Kvöldið 14. janúar féllu tvö stór flóð ofan við Flateyri, úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili og þeyttist edlisléttur snjór úr báðum flóðunum að hluta til yfir varnargarðana. Flóðið úr Innra-Bæjargili fór inn í íbúðarhús við Ólafstún þar sem unglingsstúlka grófst en bjargaðist. Flóðið úr Skollahvilft rann út í smábátahöfn og eyðilagði báta. Sama kvöld féll stórt snjóflóð í Súgandafirði og flóðbylgja af þess völdum olli tjóni á Suðureyri. 29. janúar varð banaslys í Móskaðshnúkum þegar skíðamaður setti af stað snjóflóð. Það sem eftir lifði vetrar voru reglulega óveður og í heildina þurfti 8 sinnum að grípa til rýminga vegna snjóflóðahættu á norðan- eða sunnanverðum Vestfjörðum. Á landsvísu var 9 sinnum lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu. Nokkrir skíða- og vélsleðamenn settu af stað snjóflóð á Norðurlandi og Vestfjörðum en hlutu ekki skaða af. Töluvert var um snjóflóð á vegi, en alls voru skráð 113 snjóflóð og 21 skriðuföll sem féllu á vegi landsins frá 1. sept. 2019 til 1. sept. 2020.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra:	
		Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	6
Töfluskrá	7
1 Inngangur	8
2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar	8
2.1 September.....	8
2.2 Október.....	9
2.3 Nóvember.....	9
2.4 Desember	9
2.5 Janúar	10
2.6 Febrúar	12
2.7 Mars	13
2.8 Apríl	14
2.9 Maí	16
2.10 Júní.....	16
2.11 Júlí.....	16
2.12 Ágúst.....	17
3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu	18
3.1 Skráning snjóflóða	18
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins	19
3.3 Óvissustig og rýmingar	21
3.4 Snjóflóð á vegi	23
3.5 Snjóflóð af mannavöldum.....	26
3.6 Snjóflóðadýptarmælingar.....	27
4 Helstu snjóflóð vetrarins	28
4.1 Ljósavatnsskarð 19. desember 2019	28
4.2 Skollahvilft 14. janúar 2020.....	30
4.3 Innra-Bæjargil 14. janúar 2020	33
4.4 Norðureyri 14. janúar 2020.....	36
4.5 Móskaðshnúkar 29. janúar 2020.....	39
4.6 Hugljótsstaðir á Höfðaströnd í Skagafirði.....	41
Heimildir	43
Viðauki I. Snjóðýptarmælingar	44
Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða.....	47
Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2019–2020	48

Myndaskrá

Mynd 1. Flygildismynd af snjóflóðunum úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili	11
Mynd 2. Flekaflóð (55868) skammt norðan við Kasthvammsöxl í Laxárdal sem vélsleðamaður setti af stað. Sleðaförin sjást ofan við brotstálið.....	14
Mynd 3. Flekaflóð (55966) innan við Fremstuhús í Dýrafirði 5.apríl.....	15
Mynd 4. Blaut flekaflóð (56039) í Tröllinu við Veidivötn 25. apríl	15
Mynd 5. Skriða (56094) féll á veginn um Spilli í Súgandafirði eftir miklar rigningar í júní.....	17
Mynd 6. Aurskriða (55579) lokaði þjóðvegi 1 um Þvottaskriður 4. ágúst.....	18
Mynd 7. Snjódýpt í Traðarhyrnu ofan Bolungarvíkur veturinn 2019–2020	27
Mynd 8. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2019–2020.....	27
Mynd 9. Snjódýpt í Nesgili ofan Neskaupstaðar veturinn 2019–2020	28
Mynd 10. Útlínur snjóflóðsins í Ljósavatnsskarði 19.12.....	29
Mynd 11. Tunga snjóflóðsins (55334) í Ljósavatnsskarði var ekki þykkt en brotnar greinar eftir flóðið mátti finna á við og dreif.....	29
Mynd 12. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Akureyri og vindhraði og vindátt í Grímsey dagana 9–21. desember.....	30
Mynd 13. Útlínur snjóflóðsins úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili	31
Mynd 14. Flotbryggjan á hvolfi og flóðasnjór í höfninni skömmu eftir flóð.....	31
Mynd 15. Brak garðskýlisins við kirkjugarðinn. Fiskikör og brotið tré fyrir ofan.	32
Mynd 16. Horft eftir varnargarðinum að höfninni á Flateyri	32
Mynd 17. Úrkoma á Flateyri og hiti, vindátt og vindhraði á Þverfjalli dagana 9–16.1.....	33
Mynd 18. Útlínur snjóflóðsins úr Innra-Bæjargili og Skollahvilft	34
Mynd 19. Ólafstún 14 og hliðin sem snýr að fjallinu. Flóðið braut sér leið inn um hurð og alla glugga á efri hlið hússins.....	35
Mynd 20. Tveir bílanna sem köstuðust yfir snjóruðninga og niður fyrir veg. Brotnar greinar voru umhverfis bílana en tiltölulega lítill flóðasnjór.	35
Mynd 21. Útlínur snjóflóðsins á Norðureyri.	36
Mynd 22. Norðureyrargil. Sjá má greinilega brotstál snjóflóðsins efst í hvilftinni.....	37
Mynd 23. Augnablikið þegar flóðbylgjan flæddi yfir sjávargarðana á Suðureyri.....	37
Mynd 24. Flóðbylgjan olli nokkru tjóni á mannvirkjum næst sjávarsíðunni á Suðureyri.....	38
Mynd 25. Úrkoma á Flateyri og hiti, vindátt og vindhraði á Þverfjalli dagana 9–16.1.....	38
Mynd 26. Útlínur snjóflóðsins sem féll skammt frá Móskaðshnúkum 29.1.....	39
Mynd 27. Úrkoma í Bláfjöllum og hiti, vindátt og vindhraði á Mosfellsheiði dagana 24–30.1 ..	40
Mynd 28. Snjóflóð féll í gilinu fyrir miðri mynd. Móskaðshnúkar bera við himinn.....	40
Mynd 29. Útlínur snjóflóðsins við Hugljótsstaði.	41
Mynd 30. Hugljótsstaðadalur og Hugljótsstaðir.....	42

Mynd 31. Mikið girðingartjón varð við Hugljótsstaði og mátti finna aur og flóðagrjót víðsvegar á túnnum og í skurðum..... 42

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir gerð frá 1.9.2019 til 1.9.2020	19
Tafla 2. Óvissustig veturinn 2019–2020.	22
Tafla 3. Rýmingar veturinn 2019–2020.	22
Tafla 4. Skráð snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1.9.2019 til 1.9.2020 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi í metrum.	23
Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2019–2020.....	26

1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2019 til og með 31. ágúst 2020. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum.

Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar, samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjókýptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í Viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2019 út ágúst 2020.

2.1 September

Tíðarfarsyfirlit

Hlýtt og úrkomusamt var á landinu í september. Sérlega mikil úrkoma var um vestanvert landið, einkum dagana 18.–21. þegar vatnavextir og skriðuföll ollu nokkrum skemmdum og trufluðu samgöngur.

Ofanflóðaatburðir

Dagana 18. til 21. september kom hlýtt og rakt loft úr suðri yfir landið. Vindur var fremur hægur og rigndi svo til samfellt um nánast allt vestanvert landið þessa daga en einnig á NV-landi undir lokin. Nokkrir tugir skriðu- og grjóthrunsskráninga bættust í ofanflóðagagnagrunn VÍ dagana 19.–21. september. Þann 19. lokaði skriða vegi yst á Skarðsströnd, Svínadalsvegur norður af Hvalfirði grófst í sundur við Súluá og Langavatnsvegur varð ófær. Aurskriður féllu yfir veg í Gilsfirði og vatn flæddi inn í hús. Þann 20. lokaðist vegurinn í Vatnsdal en skriða féll yfir veginn rétt sunnan við Hjallaland. Skriðan stoppaði að mestu á veginum en skreið eitthvað fram af kantinum. Efnið í skriðunni var áætlað um 500–600 m³.

Ábúandi á Bólstaðahlíð lét vita af skriðum í Þverárdal upp af Húnaveri eftir úrhelli og sagðist ekki muna eftir svo stórum skriðum þar áður. Ábúandi á Gautsdal í Laxárdal í Austur Húnavatnssýslu tilkynnti um margar skriður og foráttuvöxt í Auðólfsstaðará og mundi ekki eftir öðru eins. Af lýsingum að dæma virtist hafa verið úrhellisrigning á afmörkuðum svæðum og mun meira en spár gerðu ráð fyrir.

2.2 Október

Tíðarfarsyfirlit

Hitastig var sveiflukennt í október, almennt hlýtt en kaldir dagar inn á milli. Mánuðurinn var fremur þurr á Vesturlandi en úrkomusamara var á NA- og A-landi. Austanáttir voru ríkjandi en ekkert illviðri gerði í mánuðinum. Vindur varð norðanstæðari eftir miðjan mánuðinn og þann 24. gerði norðan hvassviðri með snjókomu um norðanvert landið. Fyrsti snjór vetrarins féll á Norðurlandi en snjór var með minna móti í mánuðinum.

Ofanflóðaatburðir

Dagana 7.–10. október gekk lægð upp að suðurströnd landsins sem færðist svo hægt til austurs í átt að Noregi. Talsverð rigning fylgdi þessari lægð, fyrst á S-landi en svo tók að rigna á SA- og A-landi og að lokum snerist vindur í NA-átt með rigningu á NA- og N-landi. Vatnavextir urðu í ám og lækjum á Austfjörðum og minniháttar skriðuföll. Seinnipart 10. október tók að flæða upp um niðurföll og inn í kjallara á Siglufirði eftir mikla úrkomuákefð.

Eftir miðjan mánuðinn urðu norðlægar áttir algengari og tók að bæta á snjó á Norðurlandi. Fyrstu snjóflóð vetrarins voru skráð við Ólafsfjörð og í Húnavatnssýslum síðustu vikuna í október. Lítilsháttar snjór var kominn á Vestfjörðum og Austfjörðum í lok mánaðarins og snjólétt var sunnan heiða.

2.3 Nóvember

Tíðarfarsyfirlit

Lítill úrkoma var um land allt og óvenju þurrt á norðanverðu landinu og var mánuðurinn víða þurrasti nóvembermánuður um áratugaskeið. Kaldast var á Norðausturlandi en hlýrra vestantil og voru austlægar áttir ríkjandi. Mánuðurinn var óvenju hægviðrasamur og vindur á landsvísu 1,7 m/s undir meðallagi og hefur meðalvindhraði ekki verið eins hægur síðan í nóvember 1952.

Ofanflóðaatburðir

Berghrun varð við Ketubjörg á Skaga í byrjun nóvember. Nokkur aðdragandi var að hruninu því árið 2015 uppgötvaðist sprunga í sjávarhömrnum sem var nokkrir tugir metrar á lengd. Bergfyllan sem losnaði frá klettunum er talin hafa verið nokkrir tugir þúsunda rúmmetra en hún féll í sjó fram. Hrun úr klettunum er nokkuð algengt og stærri spildur hafa fallið úr hömrnum síðustu áratugi.

2.4 Desember

Tíðarfarsyfirlit

Óvenju mikil úrkoma var á norðanverðu landinu og víða mældist mesta úrkoma frá upphafi mælinga í desember, m.a. á Akureyri eða 191,1 mm. Dagana 10. og 11. desember gekk norðan óveður yfir landið með slæmu veðri á Ströndum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Ísing olli skemmdum á rafmagnslínunum með langvarandi rafmagnsleysi og truflunum og mikil röskun varð á samgöngum.

Ofanflóðaatburðir

Þann 9. desember kom lægð upp að suðurströnd landsins með rigningu á S- og SA-landi. Næstu tvo sólarhringa dýpkaði lægðin hratt og færðist austur fyrir land með norðan og norðaustan vonskuveðri um mestallt land. 10. desember lýstu almannavarnir yfir óvissustigi vegna veðurs á öllu landinu og Veðurstofan lýsti yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu á Norðurlandi sem gilti frá 10. til 12. desember. Veðrið var verst á Ströndum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Mikil

ísing fylgdi óveðrinu og brotnuðu rafmagnsstaurar víða á Norðurlandi sem olli langvarandi rafmagnsleysi og rafmagnstruflunum.

Fá snjóflóð voru skráð á Norðurlandi í þessu veðri en þar ber helst að nefna tvö snjóflóð sem féllu í Bólstaðahlíðarfjalli og á Þjóðveg 1. Annað flóðið náði út í Svartá um 400 m norðan brúar á Svartá yfir í Blöndudal. Hitt flóðið kom úr Miðstykkgjagili litlu vestar.

Vorið 2020 er snjóá leysti, komu í ljós ummerki um stórt snjóflóð í Hugljótsstaðadal í Skagafirði sem bar með sér mikið af grjóti og torfi inn á tún og olli töluverðu girðingartjóni beggja vegna Höfðastrandarveggar. Flóðið fór einnig yfir innri gilbarm dalsina í átt að Hugljótsstöðum og virðist hafa stöðvast um 10 m frá íbúðarhúsinu. Ekki er vitað hvenær flóðið féll en það hefur verið snemma vetrar þar sem mikill vetrarsnjór lá ofan á flóðtungunum. Mögulega féll flóðið í þessu norðaustan veðri 10.–12. desember en heimilisfólkið hafði þá flutt sig niður á Hofsó.

Á Vestfjörðum féllu snjóflóð einnig á Þjóðvegi. Snjóflóð féll í Fjárgili og á Þjóðveg 61 um Súðavíkurhlíð en vegurinn var lokaður vegna snjóflóðahættu þegar flóðið féll sem var um 60 m breitt og 1 m þykkt á veginn. Tvö flóð féllu einni á Þjóðveg 61 í Hestfirði. Í norðanverðum Súgandafirði voru tvö snjóflóð skráð og náði annað þeirra út í sjó. Eitt flóð féll á veginn undir Spilli í Súgandafirði. Nokkur flóð féllu ofan við Patreksfjörð sem voru lítil og ógnuðu ekki byggð.

Hvöss NA átt var á Vestfjörðum 16.–17. desember en lítil úrkoma mældist á sjálfvirkum mælum. Nokkur lítil flóð bættust í gagnagrunn Veðurstofunnar, m.a. úr Gemlufelli við Dýrafjörð, nokkur flóð á Hvilftarströnd og eitt utan við Flateyri.

Þurrt flekahlaup féll yfir veg í Fnjóskadal við Ljósavatn 19. desember eftir töluverða snjókomu. Flóðið var stórt, allt að 1 km breitt í upptökum en hálfur km á vegi og áætluð meðalþykkt á vegi var um 1 m. Bíll keyrði inn í flóðið eftir að það féll og festist en engan sakaði. Veginum var lokað í kjölfarið.

Dagana 20. til 23. desember var hvöss NA-átt og mikil úrkoma á norðan- og austanverðu landinu. Úrkoman féll sem snjócoma á Norðurlandi en á Austfjörðum var mikil rigning á láglandi en snjócoma til fjalla. Nokkur flóð féllu í kjölfarið á N- og A-landi. M.a. féllu fjögur flóð yfir veg í Mjóafirði 22. desember, þar af náðu þrjú út í sjó.

Úrkomuákefð jókst 26. og 27. desember þá einkum á SA- og A-landi og hláka var um mest allt land. Grjót hrundi niður á vegi á SA-landi við Hvalnesskriður og Kambaskriður og hljóp lækur í Hólmatindi á Eskafirði og fór yfir veg. Talsverður snjór var til fjalla en aðeins voru skráð lítil smáflóð.

2.5 Janúar

Tíðarfarsyfirlit

Illviðri einkenndi janúarmánuð. Meðalvindhraði var óvenju hár og sá hæsti síðan í febrúar 2015. Úrkoma var vel yfir meðaltali um mestallt land og var mjög snjóþungt á Vestfjörðum. Þann 14. janúar féllu tvö stór snjóflóð á Flateyri og eitt í Súgandafirði sem olli flóðbylgju á Suðureyri. Illviðris dagar voru óvenju margir og með því mesta sem áður hefur verið.

Ofanflóðaatburðir

Djúp lægð gekk yfir landið 7.–9. janúar með ríkjandi suðvestan éljagangi og skafrenningi og féllu allmörg flóð á vegi. Tvö flóð féllu við gangamunna Strákaganga við Siglufjörð, annað að vegi en hitt yfir hann. Nokkru austar féllu tvö flóð til viðbótar yfir Siglufjarðarveg í Mánaskriðum. Þann 8. féll snjóflóð yfir Ólafsfjarðarveg úr farvegi 38 og var veginum lokað í kjölfarið. Á Vestfjörðum féllu nokkur flóð á veginn um Súðavíkurhlíð og flóð féllu á veginn í Hestfirði og Skötufirði í Ísafjarðardjúpi. Flóð féll einnig yfir veg skammt frá Botni í Súgandafirði.



Mynd 1. Flygildismynd af snjóflóðunum úr Skollahvilft (vinstra megin á mynd) og Innra-Bæjargili (hægra megin á mynd).

Ný lægð lagðist yfir landið 10.–12. janúar með hvassri norðaustan átt og talsverði snjókomu. Verst var veðrið á norðanverðum Vestfjörðum og féllu allmörg flóð í kjölfarið. Flóð féll úr Eyrarhlíð rétt utan við Ísafjörð og á stálþil ofan við veginn. Flóð féll úr Innra Bæjargili sem stöðvaðist ofan varnargarðar og tvö flóð til viðbótar féllu utar á ströndinni. Hitastig fór í tæpar 4°C á Flateyri í þessu veðri og hrúguðust flóðin upp í þykkar tungur. Tvö flóð féllu í Kirkjubólshlíð og tvö flóð til viðbótar í Eyrarhlíð. Fjögur snjóflóð féllu í umhverfi Bolungarvíkur, tvö úr Mærðarhorni, eitt úr Mærðarhvilft og eitt ofan Orkubúshússins.

Stutt hlé var á milli lægða og gekk aftur í norðaustan hríðarveður á norðanverðum Vestfjörðum dagana 12.–16. janúar og var óvissustigi vegna snjóflóðahættu lýst yfir á norðanverðum Vestfjörðum um kvöldið þann 12. Mikil snjóflóðahrina fylgdi þessu veðri og tóku stór flóð að falla snemma í veðrinu. Klukkan 12:32 þann 13. hækkaði skyndilega í lóni Reyðhjallavirkjunar eftir að stórt flóð féll út í lónið.

Veðrið færðist í aukana þann 13. janúar og var lýst yfir hættustigi vegna snjóflóðahættu kl 16:00 með rýmingu iðnaðarhúsnæðis á Ísafirði. Kvöldið 13. janúar og fyrri hluta 14. janúar var vindur á Þverfjalli í hámarki eða 25–30 m/s í meðalvindhraða og hviður yfir 40 m/s. Heldur dróg úr veðurhæðinni þann 14. janúar og spár gerðu ráð fyrir að veðrið ætti að ganga að mestu niður um kvöldið 15. janúar.

Nokkrum mínútum eftir kl 23:00 þann 14. janúar féll mjög stórt snjóflóð úr Skollahvilft sem fór út í höfnina og olli miklu tjóni á smábátaflota Flateyrar og hafnarmannvirkjum. Nánast á sömu mínútu féll stórt flóð á Norðureyri og út í sjó í Súgandafirði sem ruddi flóðbylgju af stað yfir fjörðinn sem skall á Suðureyri og olli tjóni meðfram strandlengjunni en engum slysum á fólki. Um 30 mín síðar féll annað stórt flóð á Flateyri úr Innra Bæjargili. Kóf og léttur snjór úr flóðinu fór yfir varnargarðinn og skall á íbúðarhúsi næst garðinum sem í voru kona, unglingsstúlka og tvö

börn, með þeim afleiðingum að unglingsstúlkan grófst. Björgunarsveitarmönnum tókst að grafa stúlkuna upp í tæka tíð sem hlaut minniháttar meiðsli.

Þrátt fyrir yfirflæðið á varnargörðunum er ljóst að þeir náðu að bægja mestum eyðileggingarkrafti og orku flóðanna frá íbúðabyggðinni og út í sjó. Nánar er fjallað um þessi þrjú flóð í kafla 3.

Í kjölfar flóðanna á Flateyri og Norðureyri voru nokkrir sveitabæir í nágrenni Ísafjarðar og Bolungarvíkur rýmdir sem og nokkur hús á Suðureyri vegna hættu á annarri flóðbylgju.

Þann 15. janúar voru fjögur hús í Seljalandshverfi á Ísafirði einnig rýmd tímabundið vegna snjóflóðahættu. Húsin eru undir og næst varnargarði á Seljalandsmúla en hættumat gerir ráð fyrir að ef mjög stórt snjóflóð fellur á garðinn geti gefið yfir hann. Óvissustigi var aflétt 16. janúar. Nokkrum klukkustundum síðar féll síðasta skráða flóðið í hrinunni, utan við Flateyri og náði kófið út í sjó. Flóðið kom nokkuð á óvart, þar sem veður var orðið gott en lítilsháttar skafrenningar var fram af fjallsbrúnum. Mörg stór flekaflóð komu í ljós eftir að veðrinu slotaði, m.a. nokkur yfir Flateyrarveg, úr Sauratindum inn af Súðavík, í Korpudal í Önundarfirði sem fór yfir ána og flóð utan við gangamunna Dýrafjarðarganga Arnarfjarðar megin sem fór fram í sjó. Alls voru 42 snjóflóð skráð á Vestfjörðum í óveðrinu 12.–16. janúar.

18. janúar hlýnaði töluvert með rigningu á norðanverðum Vestfjörðum og kaldri suðvestan átt inn á milli. Í kjölfarið féll fjöldi votra flekahlaupa, m.a. í Syðridal við Bolungarvík og í Bjarnadal í Önundarfirði. Nokkur krapaflóð féllu í mjög ákafri leysingu á Kleifaheiði miðvikudaginn 22. janúar.

Banaslys varð þegar skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í þröngu gili í fjallsrótum Móskaðshnúka þann 29. janúar. Nánar er fjallað um þetta flóð í kafla 3.5. Lítið snjóflóð hafði fallið á svipuðum slóðum þann 28. janúar auk þess sem björgunarmaður setti af stað snjóflóð á leið af vettvangi slyssins. Gul snjóflóðaspá var á suðvesturhorninu. Einnig féllu nokkur lítil snjóflóð í Mosfelli og Skálafelli.

2.6 Febrúar

Tíðarfarsyfirlit

Úrkomusamt var á N- og A-landi en þurrara var á vesturhluta landsins. Mánuðurinn var fremur kaldur um land allt og riðluðust samgöngur alloft vegna óveðurs. Eitt versta óveður síðustu ára gekk yfir landið þann 14. febrúar.

Ofanflóðaatburðir

Í lok janúar snjóaði mikið á Norðurlandi í norðan éljagangi. Í byrjun febrúar voru því víða þykkir vindflekar í suðurvisandi hlíðum. Tvö flóð af mannavöldum féllu í byrjun mánaðarins. Skíðamaður setti af stað flekaflóð í Hlíðarfjalli og vélsleðamaður setti af stað flekaflóð með fjarbroti í Skeggjabrekkudal við Ólafsfjörð.

Hláka var víða um land 4.–6. febrúar og féllu mörg lítil og fáein meðalstór snjóflóð vegna hitabreytinga, einkum á Austurlandi. Jarðvegsskriða féll í Forsæludal í A-Húnavatnssýslu þann 8. febrúar í kjölfar hlákunnar. Skriðan olli skemmdum á skógrækt, fór yfir girðingar og inn á tvö tún.

Lægð með norðaustan hriðarveðri og mikilli ofankomu gekk yfir Norðurland og Vestfirði dagana 9. og 10. febrúar. Snjóflóð féllu á Siglufjarðarveg og í Ósbrekkufjalli gegnt Ólafsfirði. Nokkur flóð féllu á Súðavíkurhlíð, þar af þrjú yfir veginn. Snjóflóð féll í Skollahvilft ofan Flateyrar og niður að varnargarði.

Mikið austan óveður gekk yfir landið 14.–16. febrúar og fór meðalvindhraði á Þverfjalli yfir 40 m/s um tíma. Óvissustig vegna snjóflóðahættu var í gildi á norðanverðum Vestfjörðum þessa daga

og féllu nokkur flóð, m.a. yfir Þjóðveg 61 í Skötufirði. Snjóflóð féllu í Innra Bæjargili og Skollahvilft ofan Flateyrar og náðu tungur flóðanna langt niður aurkeilurnar en fóru þó ekki á varnargarðana. Kvöldið 17. febrúar féll flekaflóð úr Pallahnjúki og yfir dælustöðvar í Skútudal inn af Siglufirði.

Dagana 19.–21. febrúar var NA-skafrenningur og snjócoma á norðanverðum Vestfjörðum og talsverður snjór safnaðist í fjöll og á láglandi. Í Súgandafirði féllu mörg snjóflóð yfir veginn um Spilli utan við Suðureyri, þar af tvö í sjó fram. Einnig féll stórt flóð í Botnsdal inn af Súgandafirði. Óvissustig vegna snjóflóðahættu var í gildi á norðanverðum Vestfjörðum 21.–22. febrúar.

Mikil úrkoma var á Austurlandi 28. og 29. febrúar og óvissustig vegna snjóflóðahættu á Austurlandi. Snjócoma var til fjalla en rigning neðarlega í hlíðum en fyrir var mikill snjór á svæðinu. Nokkrar votar spýjur féllu í Norðfirði og Seyðisfirði. Flekaflóð féll úr Ytra-Tröllagili ofan Neskaupstaðar sem náði niður undir keilurnar ofan varnargarða.

2.7 Mars

Tíðarfarsyfirlit

Mjög snjöpungt var á norðan- og austanverðu landinu og á Vestfjörðum í mars. Mánuðurinn var óvenju vindasamur og fremur kalt var á öllu landinu. Illviðri voru tíð og urðu töluverðar truflanir á samgöngum, sérstaklega í þeim landshlutum þar sem snjór var mikill. Norðaustlægar áttir voru ríkjandi í fyrri hluta mánaðarins en suðvestlægar áttir seinni hluta mánaðarins.


Ofanflóðaatburðir

Nokkur flóð féllu á Súðavíkurlíð þann 5. mars en vegurinn var opinn um tíma þegar flóðin féllu. Flóðin voru lítil en eitt þeirra fór yfir veg en jepplingur keyrði inn í flóðið og festist en skömmu áður hafði mjólkurbíll í ekið í gegnum flóðið. Talsverð lausamjöll og skafrenningur var þegar flóðin féllu en lítil úrkoma.

Dagana 11.–14. mars var víða mikil snjócoma í norðaustan og austan átt og allmörg snjóflóð féllu. Merkilegasta flóðið féll í Grýtubakkahreppi, ofan við Laufáskirkju og lokaði veginum á rúmlega 200 m kafla. Flóðið var um 2 m þykkt á veginum og fór inn í kirkjugarðinn efst.

Norðaustan stórhrið geysaði á norðanverðum Vestfjörðum frá 16. mars til aðfaranætur 18. mars. Til að byrja með var veðrið einnig mjög slæmt á sunnanverðum Vestfjörðum og því var óvissustigi vegna snjóflóðahættu lýst yfir á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum að kvöldi 15. mars. Ákveðið var að rýma nokkur íbúðarhús á Flateyri, tvö íbúðarhús á Patreksfirði og atvinnuhúsnaði við Skutulfjarðarbraut á Ísafirði. Einnig voru nokkur íbúðarhús í dreifbýli rýmd. Þrjú snjóflóð féllu út í sjó í Súgandafirði en þau virðast ekki hafa valdið flóðbylgju. Þunnt en hraðfara snjóflóð féll ofan húsanna sem rýmd voru á Patreksfirði en flóðið ógnaði ekki byggð. Snjóflóð féll einnig ofan við atvinnuhúsnaði sem rýmt var á Ísafirði og stöðvaðist um 200 m frá húsunum. Stórt flóð féll úr Urðarskál, yfir Flateyrarveg og í sjó fram. Mörg snjóflóð féllu yfir veg í Skötufirði og í Dýrafirði féllu nokkur stór flekaflóð. Einnig lokuðu flóð vegi um Raknadalshlíð í Patreksfirði. Veðrið var einnig slæmt á Norðurlandi um tíma og féllu nokkur myndarleg flekaflóð í Ólafsfirði og Héðinsfirði og eitt yfir veginn á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Skammvinn hlýindi gengu yfir landið 20. mars. Talsverður nýr snjór var á landinu og í kjölfarið féllu snjóflóð víða um land, flest lítil. Nokkur flóð féllu yfir veginn í Skötufirði og á Raknadalshlíð féll breitt flóð sem fór út í sjó. Vélsleðamaður setti af stað um 200 m breitt flekaflóð í Laxárdal í Þingeyjarsýslu þann 21. mars þegar hann ók upp bratta fjallshlíð. Flekinn fór af stað fyrir neðan og slapp maðurinn ómeiddur.



Mynd 2. Flekaflóð (55868) skammt norðan við Kasthvammsöxl í Laxárdal sem vélsleðamaður setti af stað. Sleðaförin sjást ofan við brotstálið. Fróðlegt er að sjá hvað brotstálið er lágt við sleðaförin en hækkar mikið til suðurs (hægri á mynd). Ljósmynd: Jón Benediktsson.

2.8 Apríl

Tíðarfarsyfirlit

Apríl var kaldur framan af en eftir miðjan mánuðinn tók að hlýna með suðlægum áttum. Mikið norðaustan illviðri gekk yfir landið dagana 4.–5. apríl og fylgdi því mikill snjór, sér í lagi á Suðurlandi.

Ofanflóðaatburðir

Hvöss norðaustan átt með éljum gekk yfir landið fyrstu daga aprílmánaðar. Lítil úrkoma mældist á norðanverðum Vestfjörðum í upphafi veðursins en 5.–6. apríl bætti í úrkomu og vind. Aftur var lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu og sveitarbær í nágrenni Bolungarvíkur og iðnaðarhúsnæði á Ísafirði voru rýmd vegna snjóflóðahættu þann 6. apríl. Nokkur snjóflóð féllu í Öndarfirði, Dýrafirði og Skutulsfirði og yfir veg um Súðarvíkurhlíð. Einnig féll flóð út í sjó í norðanverðum Súgandafirði og olli flóðbylgju sem skall á sjóvarnargarða á Suðureyri og skvettist yfir þá. Á Austfjörðum snjóaði töluvert með rigningu í kjölfarið og nokkuð þykk flekaflóð féllu, meðal annars í hlíðum ofan Eskifjarðar.

Þann 23. apríl varð nokkuð stórt hrun úr hengju norðan Heljardalsheiðar við Svarfaðardal. Hlýtt hafði verði í veðri og úrkomulaust.

Þann 25. apríl féll allstórt vott flekaflóð og annað minna suður af Tröllinu við Veidivötn. Brotstálið var um 2 m hátt og þykkt neðst í tungunni um 3–4 m. Fleiri vot lausasnjóflóð féllu í Landmannafrétt. Snjóflóðin voru til marks um að leysingar sem stóðu yfir leiddu til óstöðugleika bæði í yfirborði og alldjúpt í snjóþekjunni.



Mynd 3. Flekaflóð (55966) innan við Fremstuhús í Dýrafirði 5.apríl. Ljósmynd: Teitur Magnússon.



Mynd 4. Blaut flekaflóð (56039) í Tröllinu við Veiðivötn 25. apríl. Ljósmynd: Þór Kjartansson.

2.9 Maí

Tíðarfarsyfirlit

Þurrt var á Norðausturlandi en blautara sunnanlands. Hljást var við strendur en kaldara innanlands. Töluvert var af snjó á hálendinu.

Ofanflóðaatburðir

Frá apríllokum og út fyrstu viku maí féllu 7 skriður í Svartárdal í Húnavatnssýslu. Miklar fannir voru á Norðurlandi eftir veturinn og var mikil bráðnun en úrkomulaust.

Nokkur fremur lítil snjóflóð féllu í maí, í Hlíðarfjalli, Birnudal í Suðursveit og vegurinn um Spilli í Súgandafirði lokaðist einu sinni vegna hengjuhruns. Skíðamaður setti af stað vott snjóflóð í Hlíðarskál í Glerárdal 23. maí. Enginn hlaut skaða af.

Í lok mánaðarins féll mikið grjót á veginn um Barðaströnd í kjölfar leysinga og rigningar.

2.10 Júní

Tíðarfarsyfirlit

Hlýtt var á landinu í júní og tíð hagstæð. Hljást var á Norðausturlandi en svalara suðvestanlands. Vindur og úrkoma voru víðast hvar nærri meðallagi.

Ofanflóðaatburðir

Skjálftahrina hófst á Norðurlandi 19. júní. Um 9000 skjálftar mældust með sjálfvirka jarðskjálftakerfi Veðurstofunnar á tímabilinu 19.–29. júní, þar af þrjár yfir M 5,0 að stærð um 20–30 km NA af Siglufirði. Vegna skjálftanna var mikið um grjóthrun og minni skriður í bröttum hlíðum á norðanverðum Tröllaskaga og Flateyjarskaga. Rykbólstrar sáust úr Hvannadalsbjargi milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar, en ekki er víst hvort um skriðu eða grjóthrun var að ræða. Einnig urðu talsverð skriðuföll í hlíðum Gjögurfjalls.

2.11 Júlí

Tíðarfarsyfirlit

Fremur kalt var á landinu í júlí. Hljást var um landið suðaustanvert en kaldast um landið norðan- og norðaustanvert. Um miðjan mánuðinn snjóaði til fjalla á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Vindur og úrkoma voru víðast nærri meðallagi.

Ofanflóðaatburðir

Mikil úrkoma var á norðanverðum Vestfjörðum, Ströndum og Tröllaskaga dagana 16. og 17. júlí. Víða var spáð yfir 100 mm úrkomu á sólarhring og 150–200 mm á tveimur sólarhringum. Miklir vatnavextir voru í ám og lækjum og féllu skriður og grjóthrun víða í bröttum hlíðum dagana 17.–20. júlí. Á norðanverðum Vestfjörðum féll töluvert af skriðum, m.a. efnismikil skriða í Erni ofan Bolungarvíkur, á veginn upp á Bolafjall og á veginn um Spilli í Súgandafirði og lokaði honum. Tvær jarðvegsskriður féllu í Aðalvík á Hornströndum. Stór skriða féll í Kvíarfjalli á milli Veidileysufjarðar og Lónafjarðar. Á Ísafirði féllu nokkrar smáskriður úr Gleiðarhjalla, engin þeirra var mjög efnismikil en með skriðunum féllu stórir steinar. Í Súgandafirði féllu þrjár skriður ofan við byggðina og töluvert var um grjóthrun.



*Mynd 5. Skriða (56094) féll á veginn um Spilli í Súgandafirði eftir miklar rigningar í júní.
Ljósmynd: Vegagerðin.*

Á Norðurlandi féllu einnig margar skriður. Skriður lukuðu veginum um Laxárdal og veginum um Reykjaströnd í Skagarfirði. Nokkrar skriður féllu úr Tindastól. Grjót féll á Siglufjarðarveg og í Mánarskriðum féllu smá skriður niður í vegrás eins og algengt er í mikilli rigningu. Margar skriður féllu í Ólafsfjarðarmúla, nokkrar yfir gamla veginn og tvær skriður niður að Ólafsfjarðarvegi.

2.12 Ágúst

Tíðarfarsyfirlit

Ágúst var fremur hlýr, sérstaklega á N- og A-landi. Fyrri hluti mánaðarins var mjög úrkomusamur sunnan- og vestanlands. Hlýtt var á Austurlandi um miðjan mánuðinn og mældist hitinn víða vel yfir 20 stig.

Ofanflóðaatburðir

Lægð gekk að SA- og A-landi 4. ágúst. Mikil rigning var á austanverðum Mýrdalsjökli og Örefum og færðist svo úrkomubeltið norður eftir Austfjörðum. Grjóthrun féll í Harðskafa og aurskriða lokaði þjóðveginum um Þvottaskriður.



Mynd 6. Aurskriða (55579) lokaði þjóðvegi 1 um Þvottaskriður 4. ágúst. Ljósmynd: Kristinn Jónsson

3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Frá 1.9.2019 til 1.9.2020 eru skráð 915 ofanflóð í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands. Þar af eru 783 snjóflóð og 132 skriðuföll. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til um flóðið. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS mæld en útlínur geta einnig verið unnar út frá ljósmyndum, eða minni þess sem sá flóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð (sjá viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt.

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir gerð frá 1.9.2019 til 1.9.2020

Tegund	Fjöldi
Snjóflóð	87
Þurrt flekahlaup	468
Vott flekahlaup	77
Þurrt lausasnjóflóð	31
Vott lausasnjóflóð	76
Krapaflóð	6
Flekahlaup	29
Lausasnjóflóð	9
Skriða	47
Aurskriða	52
Grjóthrun	30
Jarðvegsskriða	1
Skriðuföll	1
Skriðflóð	1

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum.

Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Mjóifjörður 20.–23.12.2019

Dagana 20.–23.12. var hvöss NA-átt með mikilli úrkomu á A- og NA-landi. Á Norðurlandi var einnig slæmt veður en fá snjóflóð skráð. Snjókoma var til fjalla á Austfjörðum en rigning lengst af á láglandi. Veðrið fór að ganga niður 22.12. og var að mestu búið á Þorláksmessu. Vot snjóflóð féllu í Mjóafirði, á Seyðisfirði og við Neskaupstað.

Súðavíkurhlíð, Hestfjörður, Skötufjörður og Súgandafjörður 8.–9.1.2020

Djúp lægð fór yfir vestanvert landið 7.1. með skammvinnu norðaustan hríðarveðri á norðanverðum Vestfjörðum. Morguninn 8.1. snerist í suðvestan hvassviðri með éljagangi og skafrenningi til fjalla sem varði fram á kvöld þann 9.1. Morguninn 10.1 dró úr vindi á Vestfjörðum. Mörg snjóflóð féllu á veginn um Súðavíkurhlíð. Flóð féllu einnig á veg í Súgandafirði, Skötufirði og Hestfirði.

Norðanverðir Vestfirðir, Bolungarvík, Skálavík og utanverður Önundarfjörður 10.–11.1.2020

Djúp lægð kom upp meðfram vesturströnd landsins 10.1. Lægðin hélt sér skammt vestur af landinu og færðist svo hægt vestur á Grænlandssund þann 11.1. Lægðinni fylgdi hlý og hvöss norðaustan átt með mikilli úrkomu á norðanverðum Vestfjörðum. Það rigndi á láglandi og upp í miðjar hlíðar framan af en fór svo í slyddu og blauta snjókomu á láglandi. Allmörg snjóflóð, sum nokkuð stór, féllu í nágrenni Bolungarvíkur, í Skálavík og utan Flateyrar. Spýjur féllu í Kirkjubólshlíð. Flóðin voru blaut í tungu en fóru af stað sem þurr flekaflóð.

Norðurland 12.–15.1.2020

Norðan annesjaveður 12.1. en skaplegt 13.1. Síðdegis tók að snjóa á Dalvík og gekk í stórhrið NNA og fór í NNV um tíma. Talsverð úrkoma og hvasst en bloti í byggð, gekk niður um hádegi 15.1. Nokkur flekaflóð féllu í Fnjóskadal og Skagafirði að stærð 2 til 3.

Vestfirðir 13.–15.1.2020

Norðaustan hriðarveður var á norðanverðum Vestfjörðum dagana 12.–16.1. Snjór var orðinn lagskiptur eftir rysjótt veður. Vindur var í hámarki 13.–14.1. með NA 25–30 m/sek í meðalvindhraða og yfir 40 m/sek í hviðum á Þverfjalli. Það dróg úr veðrinu seinnipartinn 15.1. og aðfaranótt 16.1. Mörg stór flekaflóð féllu á norðanverðum Vestfjörðum. Stórt flóð féll á Norðureyri og olli flóðbylgju sem skall á Suðureyri. Stór flóð féllu í Skollahvilft og Innra-Bæjargili ofan Flateyrar, fóru að hluta til yfir varnargarða og ollu tjóni í höfninni og á einu íbúðarhúsi þar sem unglingsstúlka grófst en var bjargað. Nokkur stór flóð féllu á Flateyrvæg.

Norðanverðir Vestfirðir 18.–19.1.2020

Um kvöldið 18.1. hlýnaði töluvert með sunnan og suðaustanátt og rigningu á norðanverðum Vestfjörðum. Daginn eftir snerist vindur í suðvestanátt en áfram var hlýtt í veðri. Stórt vott flekaflóð féll í austanverðum Bjarnadal í Önundarfirði. Nokkur vot flekaflóð féllu í Syðridal við Bolungarvík og á Hvilftarströnd.

Norðanverðir Vestfirðir 22.–26.1.2020

NNA-átt og snjókoma með köflum dagana 15.–21.1. Bætti töluvert í snjósöfnun dagana 22.1 og 23.1 í NNA-átt. Ekki var aftakaveður en snjóflóðahætta byggðist upp vegna langvarandi snjó-söfnunar og skafrennings í sömu vindátt. Dró úr úrkomu 25.1 og snerist í austanátt 26.1. Snjóflóð féllu í Skutulsfirði, Álftafirði, Önundarfirði og Sígandafirði. Þar á meðal féllu mörg flóð á vegi: Súðavíkurlíð, Flateyrvæg, veginn um Spilli í Sígandafirði og Eyrarhlíð í Skutulsfirði.

Nágrenni Dalvíkur og Ólafsfjarðar 31.1–2.2.2020

Norðan fræsingur og snjókoma var dagana 29.–30.1. Þann 30.1. bætti í vind og var hvöss norðanátt með éljum og skafrenningi til 1.2. Vindflekarn mynduðust undir fjallsbrúnum og í hvilftum í suðurhlíðum. Snjóflóð að stærð 2–3 féllu í nágrenni Ólafsfjarðar og Dalvíkur, m.a. yfir Ólafsfjarðarveg. Allstór flekaflóð féllu í Böggvisstaðadal og í Arnfinni við Ólafsfjörð.

Norðurland 5.–6.2.2020

Um 10 stiga frost 3.–4.2. en dró úr því 4.2. Tók að hlýna aðfaranótt 5.2. og rigndi svolítið, mest á Siglufirði en stytta upp með deginum. Hvessti og hlýnaði meira undir morgunn 6.2. en úrkomulaust að mestu. Vot snjóflóð féllu, mest lausaflóð en einnig flekahlaup.

Norðanverðir Vestfirðir 9.–11.2.2020

Norðan hriðarveður fyrripart 10.2 sem snérist svo í NA átt. Talsverð ofankoma á Vestfjörðum og vindur 15–18 m/s með hviðum upp í 25 m/s á Þverfjalli. Snjóflóð féllu á Súðavíkurlíð, í Skutulsfirði, Bolungarvík og í Önundarfirði.

Norðanverðir Vestfirðir 14.–17.2.2020

Mikið Austan hvassviðri 14.2. með meðalvindhraða 30–35 m/s og hviðum 40–50 m/s. Veðrið datt niður fyrri part 15.2. en svo hvessti á ný með NA 15–20 m/s og talsverðri snjókomu. Nokkur snjóflóð féllu yfir veg í Skötufirði og utan Flateyrar í upphafi hrinunnar. Snjóflóð að stærð 3 féllu í Steiniðjugili, Skollahvilft og Innra-Bæjargili. Nokkur flóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð en náðu ekki vegi.

Önundarfjörður, Súgandafjörður og Bolungarvík 20.–22.2.2020

Dagana 19.–21.2 var norðaustan skafrenningur og snjócoma á norðanverðum Vestfjörðum. Talsverður snjór safnaðist bæði í fjöll og á láglandi. Flekaflóð féllu í norðanverðum Önundarfirði, Súgandafirði og í nágrenni Bolungarvíkur. Flóð af stærð 3,5 féll í Botnsdal í Súgandafirði og fór yfir ána.

Austfirðir 20.–24.2.2020

Talsverð snjócoma var í austan hvassviðri 19.–20.2. Þann 20.2. snerist vindur úr austanátt yfir í norðlægar áttir. Frá 21.–22.2. var fremur hæg norðanátt og 23.–24.2. snerist í suðvestanátt með sólrikkju. Talsvert af flekaflóðum kom í ljós ofan Neskaupstaðar 22.2. og 23.2. Nokkur flóð voru einnig skráð við Seyðisfjörð.

Austfirðir 28.–29.2.2020

Mikil úrkoma var á Austurlandi dagana 28.2. og 29.2 en mikill snjór var fyrir á svæðinu. Það snjóaði talsvert í fjöll en neðar rigndi ofan í eldri snjó. Mikill krapí var á götum Neskaupstaðar. Snjóflóð féllu í Norðfirði, Mjóafirði og á Seyðisfirði. Í Mjóafirði féllu tvö flóð yfir veg.

Austfirðir 16.3.2020

Sunnan hvassviðri gekk yfir landið 15.–16.3. með talsverðri snjókomu á sunnanverðum Austfjörðum. Snjóflóð féllu í Fáskrúðsfirði, Norðfirði og á Seyðisfirði. Snjóflóð féllu yfir veginn í Fagradal.

Norðanverðir Vestfirðir 17.–18.3.2020

Norðaustan stórhrið geysaði á norðanverðum Vestfjörðum frá 16.3. mars til aðfaranáttur 18.3. Mörg snjóflóð féllu á norðanverðum Vestfjörðum. Stórt snjóflóð féll úr Urðarskál yfir Flateyraryveg og í sjó fram. Snjóflóð féllu yfir veginn í Skötufirði og snjóflóð af stærð 3 féll í Steiniðjugili í Skutulsfirði.

Vestfirðir 20.–21.3.2020

Skammvinn hlýindi gengu yfir landið 20.3. Mikill nýr snjór var á landinu og féllu töluvert af flóðum yfir vegi á Vestfjörðum.

Norðanverðir Vestfirðir 6–7.4.2020

Þann 5.4. var hvöss norðaustanátt með skafrenningi og éljum en úrkoma mældist ekki mikil. Þann 6.4. snerist í hægari NA og síðan NNA og úrkomuákefð jókst lítillega. Hitastig hækkaði þann 6.4. og fór seinnipart 6.4. í nokkrar gráður á láglandi. Snjóflóð féllu í Arnarfirði, Önundarfirði og í Skálavík. Stórt snjóflóð féll í norðanverðum Súgandafirði og í sjó fram. Snjóflóð féll í Djúpagili á Súðavíkurhlíð og yfir veg.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Óvissustig var sett á níu sinnum í átta óveðrum sem gengu yfir landið þennan vetur og átta sinnum var gripið til rýminga.

Á norðanverðum Vestfjörðum var 6 sinnum lýst yfir óvissustigi vegna mögulegrar snjóflóðahættu. Einu sinni var lýst yfir óvissustigi á sunnanverðum Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurlandi. Óvissustig vetrarins eru tekin saman í töflu 2.

Tafla 2. Óvissustig veturinn 2019–2020.

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Miðnorðurland	Snjóflóðahætta	2019-12-10 08:00	2019-12-12 18:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-01-12 19:00	2020-01-16 13:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-01-18 18:30	2020-01-19 21:10
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-02-14 10:15	2020-02-17 13:20
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-02-21 11:00	2020-02-22 11:00
Austurland	Snjóflóðahætta	2020-02-28 16:00	2020-02-29 14:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-03-15 21:30	2020-03-18 18:05
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-03-15 21:30	2020-03-18 12:30
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2020-04-05 21:30	2020-04-06 18:30

Í átta skipti þurfti að grípa til rýminga, ýmist á norðan- eða sunnanverðum Vestfjörðum. Rýmingar vetrarins eru teknar saman í töflu 3.

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2019–2020.

Staður	Hvar	Sett	Aflýst
Ísafjörður	Reitur 9	2020-01-13 16:00	2020-01-15 20:30
Listi svæða á norðanverðum Vestfjörðum	Höfði í Skutulsfirði, Minnihlíð við Bolungarvík, Fremri-Ós í Syðridal, Hraun í Hnífsdal, oddatöluhús nr. 1, 7 og 9 neðan við Sætún á Suðureyri vegna hættu á flóðbylgju. Atvinnuhús í norðurbæ Súðavíkur og hús norðan Traðargils í Súðavík	2020-01-15 06:00	2020-01-15 20:30
Ísafjörður	Múlaland 12 og 14 og Seljaland 7 og 9	2020-01-15 09:00	2020-01-15 18:00
Patreksfjörður	Urðargata 23 og 26	2020-03-16 10:00	2020-03-17 18:15
Flateyri	Reitur 4, skv endurskoðuðu rýmingarkorti frá febrúar 2020	2020-03-16 16:00	2020-03-18 18:00
Ísafjörður	Reitur 9	2020-03-17 08:10	2020-03-18 08:00
Bolungarvík	Fremri-Ós	2020-04-05 22:20	2020-04-06 16:30
Ísafjörður	Reitur 9	2020-04-06 11:30	2020-04-06 16:30

Á reit 9 á Ísafirði er eingöngu atvinnuhúsnæði og er nokkuð algengt að sá reitur sé rýmdur.

Eftir stóru snjóflóðin sem féllu á Flateyri og gegnt Suðureyri kvöldið 14.1. voru nokkrir sveitabæir og hús rýmd á norðanverðum Vestfjörðum snemma morguns 15.1. Síðar sama morgun var einnig gripið til rýminga í Múlalandi á Ísafirði.

Tvö íbúðarhús við Urðargötu á Patreksfirði voru rýmd 16.3. vegna snjóflóðahættu í norðaustan skafrenningi. Bæði íbúðarhúsin liggja innan reitar 4 á rýmingarkorti.

Reitur 4 á Flateyri var rýmdur 16.3. samkvæmt endurskoðuðu rýmingarkorti frá febrúar 2020 en reiturinn inniheldur m.a. Ólafstún þar sem eitt hús varð fyrir snjóflóði í janúar og önnur hús ofarlega í bænum.

Íbúðarhús á sveitabænum Fremri-Ós í Bolungarvík var rýmt 6.4. vegna snjóflóðahættu eftir hvassa ANA-átt með éljum.

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða. Ofanflóð sem falla á vegi og vegslóða sem eru ekki í almennri notkun fá ekki þessa merkingu í gagnagrunninum.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir fjóra vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjuból- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur og Flateyrarvegur milli Flateyrar og Vesturlandsvegur.

Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og til annarra erinda er um þessa fjóra vegi. Snjóflóðaspárnar eru gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi hvort gripið sé til ráðstafana.

Alls voru skráð 112 snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1.9.2019 til 1.9.2020 og í töflu 4 má sjá lista yfir þessi snjóflóð í rétttri tímaröð. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í viðauka III .

Tafla 4. Skráð snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1.9.2019 til 1.9.2020 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi í metrum.

Flóð	Dags	Staður	Farvegur	Br.	Þ.
55303	10.12.2019	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	4	1
56082	10/11.12.2019	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Hestfjörður	150	0,6
55299	10/11.12.2019	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, Fjargil (farv. 21)	60	1
55301	10/11.12.2019	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Hestfjörður	50	0,6
55300	11.12.2019	Húnavatnssýslur	Langidalur	50	1,5
55558	10/11.12.2019	Húnavatnssýslur	Bólstaðarhlíðarfjall	-	-
55334	19.12.2019	Ljósavatnsskarð	Ljósavatnsskarð	800	-
55349	22.12.2019	Mjóifjörður	Mjóifjörður	-	-
55351	22.12.2019	Mjóifjörður	Hvammur - Tóarfjall	-	-
55360	22.12.2019	Mjóifjörður	Víkur	-	-
55350	22.12.2019	Mjóifjörður	Dalaskriður	-	-
51044	1.11-1.4.2020	Eyjafjörður	Eyjafjarðardalur og Sölvadalur	75	7
20805	1.12.2019-31.1.2020	Tröllaskagi	Hugljótsstaðadalur	100	-
55384	8.1.2020	Dalvík og nágrenni	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	-	1,5
55383	7/8.1.2020	Siglufjörður, utan þéttbýlis	Miðstrandargil	30	0,5
55385	8.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 8	20	0,6
55386	8.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 9	10	0,3
55387	8.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 12	10	0,5
55388	8.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, Fjargil (farv. 21)	25	1,5
55427	8.1.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	30	0,3
55395	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, Fjargil (farv. 21)	40	2
50627	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Hestfjörður	50	0,4
50530	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Hestfjörður	100	1,5
50697	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufljörður	250	2
50815	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, utan byggð.	40	2
50807	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, utan byggð.	30	1,8
50805	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, utan byggð.	40	1,5
50789	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 15	25	1,8
55392	9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 18	30	1,5

Framhald á næstu síðu

Flóð Dags	Staður	Farvegur	Br.	Þ.
50792 9.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 20	40	1,5
55391 8/9.1.2020	Tröllaskagi	Mánarskriður	-	-
55390 9.1.2020	Tröllaskagi	Mánarskriður	-	-
55400 10.1.2020	Reykhólasveit	Reykhólasveit	20	2
56951 8-14.1.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	-	-
55463 12/13.1.2020	Önundarfjörður	Ófæruhlið	50	-
56034 13/14.1.2020	Arnarfjörður	Arnarfjörður norðanverður	-	-
50529 13/14.1.2020	Flateyri	Litlahryggsgil	100	-
55431 14.1.2020	Önundarfjörður	Breiðadalur sunnanverður	120	0,7
55430 14.1.2020	Ísafjörður	Eyrahlið 13	230	0,7
55445 14.1.2020	Önundarfjörður	Bæjargil ofan Neðri-Breiðadals	140	1,8
55443 14.1.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Álftafjörður Í Ísafjarðardjúpi - að austanverðu	75	-
55434 14.1.2020	Flateyri	Skollahvilft	180	1,5
55435 14.1.2020	Flateyri	Innra-Bæjargil	120	1
55474 14/15.1.2020	Dýrafjörður	Breiðhilla	410	1,5
55570 14/15.1.2020	Dýrafjörður	Breiðhilla	235	-
55475 14/15.1.2020	Dýrafjörður	Hjarðardalsgil	160	1
55500 14/15.1.2020	Önundarfjörður	Selabólsurð, undir Urðarskál	170	1
55502 14/15.1.2020	Önundarfjörður	Selabólsurð, undir Urðarskál	450	1,8
55437 13-15.3.2020	Tröllaskagi	Mánarskriður	55	1
55509 22.1.2020	Barðaströnd	Barðaströnd	-	-
55506 22.1.2020	Barðaströnd	Barðaströnd	70	1
55507 22.1.2020	Barðaströnd	Barðaströnd	20	0,3
55508 22.1.2020	Patreksfjörður, utan þéttbýlis	Ósafjörður	90	2
55543 30/31.1.2020	Dalvík og nágrenni	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	-	-
20828 8.2.2020	Húnavatnssýslur	Tjarnarfjall/Kyrpingsfjall	-	1,5
55569 10.2.2020	Sigluhfjörður, utan þéttbýlis	Miðstrandargil	31	-
55572 10.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 8	20	1,5
51722 10.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 18	10	1
51729 10.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (farv. 22)	30	1,5
55595 14.2.2020	Eyjafjörður	Grýtubakkahr. innan Dalsmynnis	-	-
50832 15.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	25	1,5
50819 15.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	10	1,8
50817 15.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	15	1,5
50816 15.2.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	16	1,5
55635 20.2.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	-	-
55636 21.2.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	-	-
55637 21.2.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	-	-
55638 21.2.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	3	3
55675 26.2.2020	Barðaströnd	Gufudalssveit	80	0,8
55687 27.2.2020	Ísafjörður	Ytri-Kirkjubólshlíð 9	100	-
55746 29.2.2020	Mjóifjörður	Dalaskriður	-	-
55747 29.2.2020	Mjóifjörður	Mjóifjörður	-	-
55726 5.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 15	15	1

Framhald á næstu síðu

Flóð Dags	Staður	Farvegur	Br.	Þ.
55682 5.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, utan byggð.	10	0,6
55743 5.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, utan byggð.	15	0,7
55731 5.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, utan byggð.	-	-
55761 12.3.2020	Eyjafjörður	Grýtubakkahr. innan Dalsmynnis	215	2
55856 16.3.2020	Patreksfjörður, utan þéttbýlis	Raknadalshlíð	28	0,35
55801 16.3.2020	Fagridalur og nágrenni	Grænafell	38	5
55802 16.3.2020	Fagridalur og nágrenni	Grænafell	77	-
55792 16.3.2020	Patreksfjörður, utan þéttbýlis	Raknadalshlíð	35	-
55821 16/17.3.2020	Barðaströnd	Barðaströnd	300	-
55835 16/17.3.2020	Dýrafjörður	Hjarðardalshlíð	50	-
55826 17/18.3.2020	Dalvík og nágrenni	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	-	4,5
55825 17/18.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	20	1,5
55828 17/18.3.2020	Önundarfjörður	Bæjargil ofan Neðri-Breiðadals	85	-
50874 18.3.2020	Önundarfjörður	Breiðadalur	50	0,5
55827 17/18.3.2020	Önundarfjörður	Selabólsturð, undir Urðarskál	235	1,5
50873 18.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	40	1,6
50868 18.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	120	1,8
50867 18.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	55	1,5
50885 20.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	110	1,4
50875 20.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	25	1
55837 20.3.2020	Patreksfjörður, utan þéttbýlis	Raknadalshlíð	240	2
55839 20.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Skötufjörður	-	-
55846 20.3.2020	Önundarfjörður	Ófæruhlíð	-	-
50951 25.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 4	-	-
50911 25.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 5	-	-
50910 25.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 6	-	-
50902 25.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 8	-	-
50899 25.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 11	-	-
50886 25.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 15	-	-
55902 27.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 7	-	-
55903 27.3.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, farv. 12	-	-
55906 27.3.2020	Strandir	Kaldbaksvík	5	2
55936 29.3.2020	Önundarfjörður	Þorfinnur	-	0,9
55973 4/5.4.2020	Barðaströnd	Gufudalssveit	160	0,5
56026 5/6.4.2020	Arnarfjörður	Arnarfjörður norðanverður	55	1
55975 5/6.4.2020	Sunnanvert Ísafjarðardjúp	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (farv. 22)	30	2
56012 7.4.2020	Bolungarvík, utan þéttbýlis	Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	300	-
56013 7.4.2020	Bolungarvík, utan þéttbýlis	Ytra-Sprengigil	105	-
56058 5.5.2020	Súgandafjörður	Súgandafjörður sunnanverður	10	2

3.5 Snjóflóð af mannavöldum


Veturinn 2019–2020 voru skráð 12 snjóflóð af mannavöldum. Það alvarlegasta var banaslys í vestanverðum Móskarðshnúkum þegar skíðamaður setti af stað flóð í þröngu gili og grófst undir. Veturinn 2018–2019 voru 33 skráð snjóflóð af mannavöldum. Fækkun á flóðum af mannavöldum má ef til vill skýra af tíðum illviðrum og Covid-19 faraldri síðla vetrar og að vori þegar flest fólk fer til fjalla að stunda vetrarútivist.

Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2019–2020. St: Stærð snjóflóðs á skalanum 1–5; Hæð: Upptakahæð snjóflóðs (m y.s.); Ors: Orsök snjóflóðs (G: Göngumaður, S: Skíðamaður, V: Vélsleði, T: Snjótroðari, J: Jeppi, M: Af mannavöldum/ótilgreint).


Nr.	Dags.	St.	Hæð	Ors.	Vh.	Lýsing
55356	24/25.12.2019	1	800	M	A	Spýja féll í Reithólum, líklega af mannavöldum þar sem skíðaför lágu að flóðinu.
55527	29.1.2020	1	280	S	S	Banaslys varð þegar skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í stuttri og brattri brekku í þröngu gili í fjallsrótum Móskarðshnúka. Þótt flóðið hafi verið lítið grófst maðurinn djúpt, en hann hafnaði í landslagsgildru ofan í læknum í gilsbotninum og hrúgaðist nánast allur flóðasnjórinn ofan á hann. Maðurinn og félagar hans voru með viðeigandi snjóflóðabúnað, þ.e. ýli, skóflu og stöng, en vegna erfiðra aðstæðna og þess hvað maðurinn grófst djúpt tókst ekki að ná honum upp í tæka tíð.
55536	29.1.2020	1,5	280	S	V	Björgunarsveitarmaður á skíðum kom af stað litlu flekaflóði skammt frá slyssað í Móskarðshnúkum, eftir að aðgerðum vegna banaslyss lauk. Maðurinn barst með flóðinu en grófst ekki.
55549	1.2.2020	2	800	S	A	Skíðamaður kom af stað flóði í Reithólum.
55554	2.2.2020	2	440	V	N	Maður á vélsleða kom af stað snjóflóði með fjarbroti í u.þ.b 300 m fjarlægð. Vélsleðamanninn sakaði ekki.
55626	15/16.2.2020	2	740	V	S	Vélsleði setti af stað lítið flóð í Sveinsgili við Landmannalaugar
55629	19.2.2020	2	300	G	SA	Göngumaður kom af stað snjóflóði í gili fyrir ofan Menntaskólann að Laugarvatni.
55697	29.2.2020	2	680	T	NV	Troðari ýtti niður hengju fyrir ofan Sólskinsbrekku á suðursvæði í Bláfjöllum. Við það losnaði fleki sem rann niður á harðfenni að endastöð lyftunnar Mikka Refs.
55742	8.3.2020	2	-	V	SV	Vélsleði setti af stað snjóflóð í Bláfjöllum, líklega nálægt Jósepsdal.
55868	21.3.2020	2	250	V	V	Vélsleði setti af stað um 200 m breitt flekaflóð í brattri brekku norðan við svonefnda Kasthvammsöxl í Laxárdal, Þingeyjasveit. Vélsleðinn var kominn á fastari snjó þegar flekinn hljóp.
56037	21.4.2020	1	-	S	-	Skíðamaður setti af stað vota spýju í Þorvaldsdal en sakaði ekki.
56067	23.5.2020	2	-	S	-	Skíðamaður setti af stað vott snjóflóð í Hlíðarskál í Glerárdal. Enginn hlaut skaða af.

3.6 Snjóflóðadýptarmælingar


Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Um er að ræða lóðrétt snjósöfnun sem lesin er af stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæjanna. Lesið er af stikum á u.þ.b. tveggja vikna fresti en oftast er þörf er á. Að neðan eru snjódýptarlínurit frá Bolungarvík, Siglufirði og Neskaupstað sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Í viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.



Mynd 7. Snjódýpt í Traðarhyrnu ofan Bolungarvíkur veturinn 2019–2020. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 8. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2019–2020. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 9. Snjódýpt í Nesgili ofan Neskaupstaðar veturinn 2019–2020. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.


4 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hins vegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hins vegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem eru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er tímabilið sýnt sem grænt bil.

4.1 Ljósavatnsskarð 19. desember 2019

Breitt snjóflóð féll yfir veginn um Ljósavatnsskarð að kvöldi 19.12. Flóðið féll úr sjálfri hlíðinni og var gilið ofan Brúnkolluhóls óhlaupið. Bíll keyrði inn í flóðið að austanverðu og festist en engan sakaði og var veginum lokað í kjölfarið. Flóðið var um 1200 m breitt og náði vegi á ríflega 800 m kafla. Snjórinn var minnstur í vegkantinum á um 70 m kafla og ekki sáust þar ummerki um flóðið neðan vegar. Talsverð tunga stöðvaðist 60–100 m útá Ljósavatni. Skafið hafði yfir brotstálið en í fjallsbrún sáust ógreinilega á nokkrum stöðum hengjur eða leifar af brotstáli.




Mynd 10. Útlínur snjóflóðins í Ljósavatnsskarði 19.12.



Mynd 11. Tunga snjóflóðsins (55334) í Ljósavatnsskarði var ekki þykk en brotnar greinar eftir flóðið mátti finna á víð og dreif.

Veðuraðdragandi

Norðan óveður var um allt norðurland dagana 10–12.12. með mikilli ofankomu. Engin sjálfvirkur úrkomumælir er í næsta umhverfi við Ljósavatnsskarð en á Akureyri komu rúmlega 50 mm þessa daga. Á Þverá í Dalsmynni mældust 97,2 mm og á Vöglum í Fnjóskadal mældust 63,3 mm en báðar stöðvarnar eru mannaðar skeytastöðvar þar sem úrkoman er mæld einu sinni á sólarhring. Eftir að óveðrinu slotaði þann 12.12 og þar til flóðið féll voru norðlægar áttir ríkjandi, norðvestan í fyrstu en fór svo meira yfir í norðaustan. Meðalvindhraði í Grímsey var í kringum 10 m/s en hvessti nokkuð þann 19.1. og líklegt að talsvert hefur skafið í upptakasvæðið dagana fyrir flóð. Snjódýpt var komin í tæpan metra bæði á Þverá og Vöglum þegar flóðið féll en megnið af þeim snjó kom í óveðrinu 10–12.12.




Mynd 12. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Akureyri og vindhraði og vindátt í Grímsey dagana 9–21. desember. Einnig er sýnd uppsöfnuð úrkoma á mönnum stöðvunum Vöglum II og Þverá í Dalsmynni. Lóðrétta línan sýnir hvenær flóðið féll með óvissumörkum.

4.2 Skollahvilft 14. janúar 2020

Mjög stórt flekaflóð féll úr Skollahvilft kvöldið 14.1. Snjóflóðaratsjá á leiðigarðinum nam flóðið rétt eftir kl 23:00 eftir að það kom út úr gilkjafninum á 45–60 m/s hraða. Leiðigarðurinn beindi megninu af flóðinu frá byggðinni en það ruddist áfram niður í höfnina og olli miklu tjóni á bátum og mannvirkjum. Snjóflóðið kom af stað flóðbylgju í höfninni og skvettist sjór og krapí á land vestan og sunnan hennar. Eðlisléttari snjór og kóf úr flóðinu þeyttist yfir leiðigarðinn og austasta hluta þvergarðsins ofan við Ólafstún og stöðvaðist í kirkjugarðinum þar sem það eyðilagði garðhús úr timbri og braut tré. Flóðið var skv. rúmmálsreikningum og eðlisþyngdarmælingum um 315 þús. m³ og 150 þús. tonn að stærð og er með stærstu skráðu flóðum úr Skollahvilft. Til samanburðar er talið að hamfaraflóðið úr Skollahvilft þann 26.10.1995 hafi verið um 430 þús. m³ og 180 þús. tonn að stærð.

Ýtarleg skýrsla hefur verið gerð um þetta flóð ásamt flóði 55435 sem féll úr Innra-Bæjargili skömmu seinna (Óliver Hilmarsson, Tómas Jóhannesson & Harpa Grímsdóttir, 2020).



Mynd 13. Útlínur snjóflóðsins úr Skollahvilft (rautt) og Innra-Bæjargili (grænt).



Mynd 14. Flotbryggjan á hvolfti og flóðasnjór í höfninni skömmu eftir flóð. Ljósmynd: Magnús Einar Magnússon.




Mynd 15. Brak garðskýlisins við kirkjugarðinn. Fiskikör og brotið tré fyrir ofan.



Mynd 16. Horft eftir varnargarðinum að höfninni á Flateyri. Sjá má hvernig varnargarðururinn beindi megninu af flóðinu frá byggðinni en að höfninni. Neðri ratsjáin stendur efst á leiðigarðinum, ósködduð.

Veðuraðdragandi

Þann 10.1. kom djúp lægð sunnan úr hafi að landinu og fór hægt upp með vesturströndinni. Lægðin hélt sér fyrir vestan land og olli norðaustan hríðarveðri með vindhraða 25–30 m/s á Vestfjörðum. Kvöldið 10.1. og aðfaranótt 11.1 hlýnaði og tók að rigna og slydda á láglendi og mældust þá um 60 mm uppsöfnuð úrkoma á Flateyri. Hiti hélst þó alltaf neðan frostmarks á Þverfjalli og hefur snjóað í upptakasvæði. Veðrið datt niður með hægri suðvestanátt seinnipartinn 11.1. og til morguns 12.1. og komu þá í ljós nokkur allstór snjóflóð utan við Flateyri sem voru blaut í tungu og hrönnuðust upp. Frá 12.1. og þangað til flóðið féll var nánast samfelld norðaustanátt með hríðarveðri og skafrenningi og bættust við um 40 mm af uppsafnaðri úrkomu í sjálfvirka mælinn á Flateyri. Mynd 8 sýnir hita og úrkomu á Flateyri í janúar fram að flóðum ásamt hita, vindhraða og vindátt á Þverfjalli. Flóðið hreif veðurstöðina með sér sem skýrir hvers vegna gögn hættu að berast frá Flateyri.




Mynd 17. Úrkomu á Flateyri og hiti, vindátt og vindhraði á Þverfjalli dagana 9–16.1.

4.3 Innra-Bæjargil 14. janúar 2020

Stórt flekaflóð féll úr Innra-Bæjargili ofan Flateyrar um kl 23:40 þann 14.1. Skömmu áður féll mjög stórt flóð úr Skollahvilft sem olli tjóni á bátum og hafnarmannvirkjum. Eðlisléttur snjór og kóf úr flóðinu fór yfir varnargarðinn og ruddist inn í íbúðahús við Ólafstún, braut milliveggi og hálfyllti af snjó. Kona, unglingsstúlka og tvö börn voru í húsinu og grófst unglingsstúlkan þar sem flóðið frussaðist inn um glugga á herberginu, braut millivegg að ganginum og fyllti rýmið af snjó. Björgunarmönnum tókst að grafa stúlkuna úr flóðinu um 30 mín. eftir að það féll sem var orðin köld en sakaði ekki. Yngri börnin tvö voru í austasta hluta hússins þar sem engir gluggar vísa að hliðinni og sakaði ekki. Konan stóð í skjóli við steiptan millivegg í stofunni og sakaði ekki en flóðið ruddist í gegnum húsið sitt hvoru megin við vegginn og út um glugga á neðri hlið hússins. Flóðið kastaði þremur bílum sem stóðu við húsið tæpa 20 m en lítill flóðasnjór var umhverfis bílana.

Langstærstur hluti flóðsins stýrðist meðfram varnargarðinum, frá byggðinni og úti sjó en næst varnargarðinum var yfirflæðið kröftugt með fyrrgreindum afleiðingum.



Mynd 18. Útlínur snjóflóðsins úr Innra-Bæjargili (rautt) og Skollahvilft (grænt)

Veðuraðdragandi


Sjá veðuraðdraganda snjóflóðsins úr Skollahvilft í kafla 4.2.



Mynd 19. Ólafstún 14 og hliðin sem snýr að fjallinu. Flóðið braut sér leið inn um hurð og alla glugga á efri hlið hússins. Mikill snjór safnaðist að útvegg og þakplötur byrjuðu að rifna af.



Mynd 20. Tveir bílanna sem köstuðust yfir snjóruðninga og niður fyrir veg. Brotnar greinar voru umhverfis bílana en tiltölulega lítill flóðasnjór.



Mynd 21. Útlínur snjóflóðsins á Norðureyri.

4.4 Norðureyri 14. janúar 2020

Stórt snjóflóð féll úr Norðureyrargili ofan Norðureyrar, gegnt Suðureyri og út í sjó þann 14.1. Það kom af stað flóðbylgju sem fór yfir fjörðinn og skall á sjávargördunum við Suðureyri og kastaðist sjórinn hátt í loft upp. Stórstreymt var þegar flóðið féll og háflóð kl. 23:15. Krapablandaður sjór kastaðist yfir þök á nærliggjandi húsum og jafnvel upp á glugga á annarri hæð. Megin flóðbylgjan var mun lægri, en stórstreymi, háflóð og kraftur bylgjunnar sem lenti á varnargördunum orsakaði að krapablandaður sjór slettist svona hátt. Á götum og innan við sjávargardana var krapinn hnédjúpur og jafnvel upp á mitt læri eftir að bylgjan gekk yfir.

Flóðið féll í mikilli snjóflóðahrinu á norðanverðum Vestfjörðum þar sem m.a. féllu flóð úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili sem ollu tjóni á Flateyri.



Mynd 22. Norðureyrargil. Sjá má greinilega brotstál snjóflóðsins efst í hvilftinni.




Mynd 23. Augnablikið þegar flóðbylgjan flæddi yfir sjávargarðana á Suðureyri. Ljósmynd: Einar Ómarsson.



Mynd 24. Flóðbylgjan olli nokkru tjóni á mannvirkjum næst sjávarsíðunni á Suðureyri.

Veðuraðdragandi


Flóðið féll nánast á sömu mínútu og flóðið úr Skollahvilft á Flateyri, úr gili sem vísar í suðvestur eins og Skollahvilft og Innra-Bæjargil. Engin úrkomumælir var á Suðureyri þegar flóðið féll. Veðuraðdragandi og aðstæður eru sambærilegar því sem lýst er í kafla 4.2.



Mynd 25. Úrkoma á Flateyri og hiti, vindátt og vindhraði á Þverfjalli dagana 9–16.1.

4.5 Móskaðshnúkar 29. janúar 2020


Banaslys varð þegar skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í þröngu gili í fjallsrótum Móskaðshnúka. Flóðið er skráð af stærð 1 og við venjulegar aðstæður á flóð af þeirri stærðargráðu ekki að geta grafið mann en vegna aðstæðna hrannaðist flóðasnjórinn ofan í lækjargilið og er þá talað um „landslagsgildru“. Einnig er mögulegt að við flóðasnjóinn hafi bæst snjór sem kom með læknum, þ.e. að snjór hafi hulið lækinn að hluta til áður en flóðið rann af stað. Maðurinn og félagar hans voru með viðeigandi snjóflóðabúnað, ýli, skólflu og stöng en vegna erfiðra aðstæðna og þess hve maðurinn grófst djúpt tókst ekki að ná honum upp í tæka tíð.



Mynd 26. Útlínur snjóflóðsins sem féll skammt frá Móskaðshnúkum 29.1.

Veðuraðdragandi

Mikið tók upp af snjó í hlýindum sunnudaginn 25.1. og myndaðist hörð skel á yfirboði þegar kólnaði á ný. Næstu daga á eftir gekk á með éljum í norðaustan átt og þar sem snjór náði að safnast fyrir mynduðust vindflekar. Vindflekarnir voru ekki þykkir en þeir voru óstöðugir á afmörkuðum svæðum. Einnig má nefna að á svæðum þar sem rennandi vatn er til staðar myndast gjarnan hrímlag á snjónum, sem getur leitt til óstöðugleika þegar það grefst undir nýrri snjó. Þann 29.1. var bjart veður og almennt hægur vindur en þó smá lágrenningur.



Mynd 27. Úrkoma í Bláfjöllum og hiti, vindátt og vindhraði á Mosfellsheiði dagana 24–30.1.




Mynd 28. Snjóflóðið féll í gílinu fyrir miðri mynd. Móskaðshnúkar bera við himinn.

4.6 Hugljótsstaðir á Höfðaströnd í Skagafirði

Stórt snjóflóð féll úr Hugljótsstaðadal, braut girðingar á stóru svæði, bar aur og grjót inn á tún og einnig yfir innri gilbarm dalsins í átt að Hugljótsstöðum. Flóðsins varð ekki vart um veturinn en kom í ljós er snjóa leysti. Flóðtungurnar voru tvær og féll önnur þeirra að Hugljótsstöðum og stöðvaðist um 10 m ofan íbúðarhússins og áfram stutt niður rétt innan við húsið. Hin tungan/flóðið hefur stýrst beint niður úr gilkjafninum og a.m.k. 40 m yfir Höfðastrandarveg sem liggur í um 17° úthlaupshorni. Þar lágu girðingarbrott um 30 m neðan vegar en hrísla um 120 m neðan vegar sem ekki er þó víst að hafi komið með flóðinu. Upptök flóðsins hafa líklega verið ofarlega í norðurvanga Hugljótsstaðadals til að ná svo löngu úthlaupi í átt að Hugljótsstöðum en óvíst hve víðfeðm upptökin voru inn á dalnum.

Mikið girðingatjón varð bæði á merkjagirðingu og fjallsgirðingu neðarlega á aurkeilunni undir Hugljótsstaðadal ásamt girðingu beggja vegna Höfðastrandarvegar.



Mynd 29. Útlínur snjóflóðsins við Hugljótsstaði.

Veðuraðdragandi

Mikið norðanáhlaup var um allt Norðurland 10.–12.12., ofsaveður með mikilli ísingu olli gríðarlegu rafmagnsleysi og samgöngutrufunum um allan norðurhelming landsins. Margar stórhriðar komu sem eftir lifði vetrar sem stóðu sumar 2–3 daga, m.a. 13.–15.1. er snjóflóð féllu yfir varnargarðana á Flateyri. Ábúandi á Hugljótsstöðum sagði veturinn hafa verið með eindæmum slæman og strax upp úr áramótum hafi verið kominn mikill snjór sem fyllti allar lægðir og hljóp í glærahjarn svo glampaði á allt. Snjódypt var nokkrir metrar í lægðum á láglandinu.



Mynd 30. Hugljótsstaðadalur og Hugljótsstaðir til hægri. Vinstri tunga flóðsins fór yfir túnin og niður fyrir veg en hægri tunga flóðsins fór í átt að bænum og stöðvaðist um 10 m fyrir ofan íbúðarhússins.



Mynd 31. Mikið girðingartjón varð við Hugljótsstaði og mátti finna aur og flóðagrjót víðsvegar á túnum og í skurðum. Starfsmaður Veðurstofunnar við kortlagningu á ummerkjum.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands

Bloggsíða snjóflóðavaktar Veðurstofu Íslands: <https://blog.vedur.is/snjoflod/>

Óliver Hilmarsson, Tómas Jóhannesson & Harpa Grímsdóttir (2020). *Snjóflóðin úr Skollahvilt og Innra-Bæjargili 14. janúar 2020*. Skýrsla 2020-010. Reykjavík: Veðurstofa Íslands

https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2020/VI_2020_010_vef.pdf

Trausti Jónsson (2020). Tíðarfarsyfirlit 2019 og 2020. Sótt 1.10.2020 af

<https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2019>

<https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2020>

Fréttavefur MBL:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/01/29/einn_madur_grofst_i_snjoflodinu/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/01/30/let_lifid_i_snjoflodi/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/02/27/snjoflod_fell_ur_kirkjubolshlid/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/02/16/nokkur_snjoflod_fellu_i_nundarfirdi/






https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/07/27/foru_i_gegnum_sjo_metra_haan_skafl/

Fréttavefur RÚV. <https://www.ruv.is/frett/vatn-flaedir-inn-i-kjallara-i-hellirigningu>




Viðauki I. Snjódýptarmælingar

Listi yfir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2019–2020.



Snjódýpt á Vestfjörðum









Snjódýpt á Tröllaskaga



Snjódýpt á Austfjörðum





Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða

Í gagnasafni Veðurstofu Íslands er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunin í Kanada. Flokkunin byggir fyrst og fremst á áhrifum flóðs, og það hefur verið lítillega staðfært. Í flokkuninni er einnig gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum.

Flokkur	Lýsing	Massi
1	Spýja, sem varla getur grafið mann (en það getur skapast hætta vegna falls)	10 tonn
2	Snjóflóð sem getur grafið mann	100 tonn
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar	1000 tonn
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús	10.000 tonn
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús	100.000 tonn

Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2019–2020

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2019–2020. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrir fram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2019/2020

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	12/13.11.2019	55322	F / 1		Margar spýjur féllu á Bláfjallasvæðinu, norðan Draumadals að Rauðuhnjúkum.
Esja	11/12.12.2019	55308	F / 1	- / 20 / -	Spýja féll í suðurhlíð Kistufells.
Esja	1/2.1.2020	55363	F / 1		Þrjár spýjur féllu í Esjunni.
Móskarðshnúkar	28.1.2020	55524	F / 1	25 / 3 / -	Spýja féll í Móskarðshnúkum.
Skálafell	28.1.2020	55528	F / 1,5		Nokkrar spýjur féllu í norðanverðu Skálafelli.
Mosfell - vestur	28.1.2020	55529	F / 1		Spýja féll í austanverðu Mosfelli.
Móskarðshnúkar	29.1.2020	55527	F / 1	- / 3 / 3	Banaslys varð þegar skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í stuttri og brattri brekku í þröngu gili í fjallsrótum Móskarðshnúka. Þótt flóðið hafi verið lítið grófst maðurinn djúpt, en hann hafnaði í landslagsgildru ofan í læknum í gilsbotninum og hrúgaðist nánast allur flóðasnjórinn ofan á hann. Maðurinn og félagar hans voru með videigandi snjóflóðabúnað, þ.e. ýli, skóflu og stöng, en vegna erfiðra aðstæðna og þess hvað maðurinn grófst djúpt tókst ekki að ná honum upp í tæka tíð.
Móskarðshnúkar	29.1.2020	55536	F / 1,5		Björgunarsveitarmaður á skíðum kom af stað litlu flekflóði skammt frá slysstað í Móskarðshnúkum, eftir að aðgerðum vegna banaslyss lauk. Maðurinn barst með flóðinu en grófst ekki.
Esja	15/16.2.2020	55607	F / 1,5		Spýja féll nærri Esjuhorni.
Svæðið milli Eldborgargils og Draumadals, undir Hákolli	27/28.2.2020	55688	F / 2,5		Nokkuð stórt flekahlaup féll undir Hákolli.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	28/29.2.2020	55716	F / 1,5		Spýja féll í Þrengslunum í Bláfjöllum.
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	29.2.2020	55697	F / 2	200 / 280 / -	Troðari ýtti niður hengju fyrir ofan Sólskinsbrekku á suðursvæði í Bláfjöllum. Við það losnaði fleki sem rann niður á harðfenni að endastöð lyftunnar Mikka Refs.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	29.2.2020	55717	F / 2		Lítið flekaflóð féll í Þrengslunum við göngubrautina í Bláfjöllum.
Ingólfsfjall	2.3.2020	55713	F / 2	- / 35 / -	Snjóflóð féll við aðal gönguleiðina í Ingólfsfjalli.
Esja	7.3.2020	55764	F / 2		Þurrt flekahlaup féll í Blikadal í Esjunni.
Bláfjöll og nágrenni	8.3.2020	55742	F / 2		Vélsleði setti af stað snjóflóð í Bláfjöllum, líklega nálægt Jósepsdal.
Hengill	16.3.2020	55782	F / 1		Margar spýjur féllu í Jórúkleif.
Úlfarsfell, norður	16.3.2020	55819	F / 1		Lítið snjóflóð féll í norður hlíð Úlfarsfells.
Mosfell - vestur	16.3.2020	55820	F / 1		Spýja féll í vestur hlíð Mosfells.
Esja	16.3.2020	55806	F / 2		Snjóflóð féll í Esjunni.
Hvilftir ofan við skíðaleiðir úr Framlyftunni	21.3.2020	55850	L / 3	- / 42 / 1.5	Breitt flekafóð féll í Eldborgargili.
Bláfjöll og nágrenni	21.3.2020	55851	F / 2		Flekaflóð féll ofan við S-beygjuna á veginum upp í Bláfjöll.
Svæðið milli Eldborgargils og Draumadals, undir Hákolli	21.3.2020	55853	F / 2		Snjóflóð féll milli Eldborgargils og Draumadals.
Hengill	21.3.2020	55857	F / 2		Flekaflóð féllu í Hamragili á Hengilssvæðinu.
Hengill	21.3.2020	55863	F / 2		Nokkur flekahlaup féllu á Hengilssvæðinu.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Hellisheiði og Ölfus	22/23.3.2020	55874	Fv / 2		Nokkur flóð féllu í suðurhlíðum í Prengslunum.
Ingólfsfjall	5/6.4.2020	55985	Fv / 2	660 / 60 / -	Vott flekahlaup féll í gili í sunnanverðu Ingólfsfjalli.
Bláfjöll og nágrenni	6.4.2020	55976	F / 1		Nokkrar spýjur féllu í Bláfjöllum.
Stór hvilft efst í Eldborgargili	7.4.2020	55995	Fv / 1,5		Spýja féll í Eldborgargili.
Mosfellsbær	7.4.2020	55997	Fv / 2		Vott flekahlaup í vestanverðu Grímmansfelli.
Mosfellsbær	7.4.2020	55998	Fv / 1,5		Spýja féll í gili í vestanverðu Grímmansfelli.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	7.4.2020	55996	Fv / 2	200 / 100 / -	Vott flekahlaup féll í hlíð við Draumadalsgil.
Snæfellsnes					
Eyrarsveit	7.1.2020	55380	F / 2		Snjóflóð féll úr Búlandshöfða sem stöðvaðist rétt fyrir ofan veg.
Reykhólasveit					
Reykhólasveit	10.1.2020	55400	F / 2,5	- / 20 / 2	Þurrft flekahlaup féll sunnarlega í Klettshálsi og lokaði vegi.
Reykjanes	13/14.1.2020	55441	F / 2		5–10 spýjur féllu milli Skerðingsstaða og Hamarlands.
Reykjanes	6.4.2020	55974	F / 2		Flekahlaup féll fyrir ofan bæinn Miðjenes.
Garpsdalur	6.4.2020	55986	Fv / 2,5	300 / 165 / -	Vott flekahlaup féll úr Múlahyrnu niður í Garpsdal.
Barðaströnd					
Barðaströnd	22.1.2020	55509	K / 2,5		Krapaflóð féll í þremur stærstu lækjunum norðan megin í Mikladal og Haukadal.
Barðaströnd	22.1.2020	55506	K / 2	145 / 70 / 1	Krapaflóð féll Barðarstrandarmegin á Kleifarheiði náði yfir veg og lokaði honum.
Barðaströnd	22.1.2020	55507	K / 1,5	120 / 30 / 0.3	Lítið krapaflóð féll úr hlíðinni fyrir ofan veginn um Kleifarheiði ofarlega Barðarstrandarmeginn.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Gufudalssveit	26.2.2020	55675	F / 2,5	130 / 80 / 0.8	Meðalsórt þurrt flekahlaup féll í Brekkubarmi, vestan við Brekkuhorn.
Barðaströnd	16/17.3.2020	55821	F / 3	- / 300 / -	Stórt flekahlaup féll á Barðarströnd í sunnanverðum Kjálkafirði. Hlaupið skemmdi vegrið og myndarvélamastur.
Gufudalssveit	24.3.2020	55881	F / 2		Þurrt flekahlaup féll úr Brunngili í Kollafirði.
Gufudalssveit	4/5.4.2020	55973	F / 2,5	400 / 150 / 0.5	Flekahlaup féll í Múlabrekkum í Djúpadal.
Patreksfjörður					
Vatneyri	9.12.2019	55298	F / 1	- / 3 / -	Spýja féll fyrir ofan Vatneyri.
Geirseyrargil	9/10.12.2019	55302	F / 2,5	410 / 20 / -	Þurrt flekahlaup féll í Geirseyrargili.
Vatneyri	9/10.12.2019	55309	F / 2		Lítið þurrt flekahlaup féll utarlega í skálinni fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	10/11.12.2019	55310	F / 2	- / 5 / -	Lítið þurrt flekahlaup féll utarlega í skálinni fyrir ofan Vatneyri.
Geirseyrargil	20.12.2019	55342	F / 2	330 / 10 / -	Lítið þurrt flekahlaup féll í Geirseyrargili.
Vatneyri	20.12.2019	55343	F / 1,5	280 / 9 / -	Spýja féll fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	13.1.2020	55429	F / 1,5		Tvær littlar spýjur féllu í skálinni fyrir ofan Vatneyri.
Geirseyrargil	13/14.1.2020	55438	F / 2		Þurrt flekahlaup féll í Geirseyrargili.
Vatneyri	14.1.2020	55439	F / 1,5		Nokkrar spýjur féllu fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	13/14.1.2020	55440	F / 1,5		Nokkrar spýjur féllu fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	14.1.2020	55432	F / 2	- / 20 / -	Lítið þurrt flekahlaup féll fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	14.1.2020	55433	F / 2	- / 27 / -	Lítið þurrt flekahlaup féll fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	19.1.2020	55496	Fv / 1,5		Tvö lítil vot flekahlaup féllu fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	19.1.2020	55497	Fv / 1		Nokkrar littlar spýjur féllu í skálinni fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	25.1.2020	55518	F / 1,5	240 / 10 / -	Spýja féll fyrir ofan Vatneyri.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Vatneyri	14.2.2020	55606	F / 1,5		Nokkur lítil þurr flekahlaup féllu í skálinni fyrir ofan Vatneyri sem stöðvuðust öll fyrir ofan neðstu kletta.
Geirseyrargil	25/26.2.2020	55680	F / 2		Þurrt flekahlaup féll úr austurhlið Geirseyrargils.
Vatneyri	25.2.2020	55681	S / 1,5	- / 10 / -	Spýjur féllu úr flestum gjótum í skálinni fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	25.2.2020	55673	F / 2	- / 10 / -	Þurrt flekahlaup stöðvaðist fyrir ofan enda gamla varnargarðsins á Vatneyri.
Vatneyri	25.2.2020	55678	F / 1,5	- / 7 / -	Spýja féll í ysta farveginum yfir Hólum á Vatneyri.
Vatneyri	26.2.2020	55679	F / 2	200 / 20 / -	Þurrt flekahlaup féll fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	27.2.2020	55685	F / 2,5	320 / 20 / -	Þurrt flekahlaup féll fyrir ofan Vatneyri.
Vatneyri	16.3.2020	55791	F / 2	- / 25 / -	Lítið þurrt flekahlaup féll fyrir ofan Fjósadalsveg og náði yfir veginn.
Vatneyri	16.3.2020	55799	F / 3	375 / 100 / -	Flekahlaup féll fyrir ofan Vatneyri. Óvissustig vegna snjóflóðahættu var á sunnanverðum Vestfjörðum þegar flóðið féll og verið að rýma tvö hús á Patreksfirði.
Vatneyri	20.3.2020	55855	Fv / 1,5		Spýjur féllu á Vatneyri.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Ósafjörður	22.1.2020	55508	K / 3	310 / 90 / 2	Nokkuð stórt krapaflóð féll í Brattabrekku og yfir veginn um Kleifarheiði Ósfjarðarmeginn.
Raknadalshlíð	26.2.2020	55684	F / 1	290 / 10 / -	Spýja féll í ytra Bakkaendagili.
Patreksfjörður suðaustanverður	27-29.2.2020	55715	F / 2	400 / 40 / -	Þurrt flekahlaup féll í Skápadal.
Raknadalshlíð	16.3.2020	55856	F / 2	180 / 28 / 0.35	Þurrt flekahlaup féll í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	16.3.2020	55792	F / 2	270 / 35 / 1.5	Þurrt flekahlaup féll í Bakkaendagili.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Raknadalshlíð	20.3.2020	55837	Fv / 3	365 / 300 / 2.25	Stórt vott flekahlaup féll yfir vegin um Raknadalshlíð og úti sjó.
Tálknafjörður					
Geitárhorn	16/17.3.2020	55829	F / 2		Þurrt flekahlaup féll í Geitárhorni.
Geitárhorn	20.3.2020	55838	Fv / 1,5		Spýja féll í Geitárhorni.
Arnarfjörður					
Arnarfjörður norðanverður	13/14.1.2020	56034	L / 3,5		Allstórt þurrt flekaflóð féll utan við gangamunna Dýrafjarðarganga. Flóðið fór út í sjó.
Fyrsta gil innan Grjótárdals	5/6.4.2020	55676	F / 3,5	1335 / 150 / -	Stórt flekahlaup féll rétt utan við gangamunnann í Borgarfirði. Það rann yfir efnishauga og yfir vetrarveg um Borgarfjörð.
Arnarfjörður norðanverður	5/6.4.2020	56026	F / 2	- / 55 / 1	Þurrt flekahlaup féll úr Meðalnesfjalli.
Dýrafjörður					
Gemlufell	16.12.2019	55328	F / 2,5	- / 180 / -	Þurrt flekahlaup féll við Gemlufell.
Glórugil	11.1.2020	55424	F / 1,5		Lítið þurrt flekahlaup féll í Glórugili.
Dýrafjörður norðvestanverður	12-14.1.2020	50031	F / 3	650 / 100 / -	Snjóflóð féll neðan kletta úr Óþola utan við tún á Arnarnesi og fór fram af háum sjávarbakka, óvíst er hvort flóðið hafi náð út í sjó.
Birnustaðir	12-14.1.2020	50038	F / 2	700 / 150 / -	Snjóflóð féll innan Birnustaða.
Birnustaðir	12-14.1.2020	50298	S / 2,5	1150 / 50 / -	Snjóflóð féll skammt innan Birnustaða.
Dýrafjörður norðvestanverður	12-14.1.2020	50367	F / 2,5	900 / 400 / -	Snjóflóð féll úr Skagafjalla utan Birnustaða. Flóðið fór fram af háum sjávarbakka en óvíst er hvort það hafi náð út í sjó.
Dýrafjörður norðvestanverður	12-14.1.2020	50370	F / 1	220 / 80 / -	Spýja féll úr Skagafjalli milli Fjallaskaga og Birnustaða.
Dýrafjörður norðvestanverður	12-14.1.2020	50371	F / 3	1100 / 10 / -	Stórt flekaflóð féll úr Skagafjalli milli Fjallaskaga og Birnustaða og stöðvaðist skammt frá eða út í sjó.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Breiðhilla	14/15.1.2020	55474	F / 3,5	- / 350 / 0.6	Stórt flóð féll úr Miðlendishviltf.
Hjarðardalsgil	14/15.1.2020	55475	F / 2	- / 160 / 1	Þurrt flekahlaup féll í Hjarðardalsgili.
Breiðhilla	14/15.1.2020	55570	F / 2,5	- / 200 / 0.6	Meðalstórt þurrt flekahlaup fellur í Torkansgili.
Glórugil	19.1.2020	55489	F / 1		Spýja féll í Glórugili.
Glórugil	26.1.2020	55523	F / 1,5		Spýja féll í Glórugili.
Hjarðardalshlíð	14.2.2020	55598	F / 2,5	- / 110 / -	Snjóflóð féll ofan við Fremstuhús í Harðardal. Flóðið tók um 25 m af efstu girðingu.
Glórugil	14.2.2020	55605	F / 2		Þurrt flekaflóð féll í Glórugili.
Hjarðardalshlíð	15.2.2020	55604	F / 1,5		Spýja féll í Hjarðardalshlíð.
Hjarðardalshlíð	18.2.2020	55625	F / 1,5		Lítið þurrt flekahlaup féll í Hjarðardalshlíð.
Hjarðardalshlíð	26.2.2020	55677	F / 2		Þurrt flekahlaup féll í Hjarðardalshlíð.
Hjarðardalshlíð	26.2.2020	55683	F / 2	- / - / 0.5	Þurrt flekahlaup féll í Hjarðardalshlíð.
Hjarðardalshlíð	11.3.2020	55756	F / 2		Þurrt flekahlaup féll í Hjarðardalshlíð.
Gemlufell	16/17.3.2020	55824	F / 3	985 / 105 / -	Flekaflóð féll í hlíðinni rétt utan við Glórugil.
Hjarðardalshlíð	16/17.3.2020	55834	F / 2	425 / 125 / -	Flekaflóð féll ofan við Fremstuhús í Dýrafirði.
Hjarðardalshlíð	16/17.3.2020	55835	F / 2,5	340 / 120 / -	Flekaflóð féll í Hjarðardalshlíð ofan við minkahús sem staðsett er rétt neðan við veg. Innsti hluti tungunnar slettist yfir veginn.
Hjarðardalsgil	16/17.3.2020	55864	F / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Hjarðardalsgili sem fór stutt út úr gilkjaftri.
Dýrafjörður suðaustanverður	24/25.3.2020	55899	S / 2		Snjóflóð féll á milli Hvamms og spennistöðvar. Flóðið var lítið en rakur snjórinn í tungunni hrúgaðist upp á flatanum neðan við gilið.
Hjarðardalshlíð	6.4.2020	55966	F / 2	- / 250 / -	Flekaflóð féll í Hjarðardalshlíð.
Lambadalshlíð	5/6.4.2020	56027	F / 3	1050 / 230 / -	Nokkuð stórt þurrt flekahlaup féll í Lambadalshlíð og náði langleiðina niður að sjó.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Lambadalshlíð	5/6.4.2020	56028	F / 2		Purrt flekahlaup féll í Lambadalshlíð.
Botnsdalur norðanverður	5/6.4.2020	56029	F / 2,5		Purrt flekahlaup féll í Norðanverðum Botnsdal.
Önundarfjörður					
Önundarfjörður utan Flateyrar	16.12.2019	55331	F / 1,5		Snjóflóð féll utan við Flateyri.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	16.12.2019	55330	F / 2,5	- / 70 / -	Snjóflóð féll í næsta gili fyrir utan Urðarskál.
Ófæruhlíð	12/13.1.2020	55463	F / 2	- / 60 / -	Purrt flekahlaup féll úr Ófæruhlíð og yfir veg.
Sunnanverður Önundarfjarðarbotn	13/14.1.2020	55547	F / 2	- / 87 / -	Purrt flekahlaup féll úr Mosvallarhorni.
Korpudalur	13/14.1.2020	50373	F / 3	600 / 500 / -	Stórt flekaflóð féll innarlega í Þverdal sem liggur til norðurs úr Korpudal. Brotstálið var um 1 km á breidd og flóðið fyllti dalbotninn á breiðu svæði.
Korpudalur	13/14.1.2020	50439	F / 4	1150 / 520 / -	Stórt flekaflóð féll í Korpudal og fór yfir ána. Flóðið kom úr allri hlíðinni frá dalsmynni Þverdals og að Seljahvilft.
Breiðadalur sunnanverður	14.1.2020	55464	F / 1,5		Purrt flekahlaup féll í sunnanverðum Breiðadal en stöðvaðist fyrir ofan veg.
Breiðadalur sunnanverður	14.1.2020	55465	F / 1,5		Purrt flekahlaup féll í sunnanverðum Breiðadal en stöðvaðist fyrir ofan veg.
Breiðadalur sunnanverður	14.1.2020	55431	F / 2	- / 100 / 0.7	Flekaflóð féll í sunnanverðum Breiðadal. Ábúandi í Fremri Breiðadal heyrði í flóðinu.
Bæjargil ofan Neðri-Breiðadals	14.1.2020	55445	F / 3	945 / 133 / 1.8	Snjóflóð féll úr Bæjargili, ofan Neðri-Breiðadals. Flóðið fór yfir veginn um Hvilftarströnd og út í sjó.
Breiðadalur sunnanverður	14.1.2020	55449	F / 2		Snjóflóð féll í sunnanverðum Breiðadal en stöðvaðist ofan við veginn.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Selabólsurð, undir Urðarskál	14/15.1.2020	55500	F / 3	- / 150 / 1	Snjóflóð féll yfir snjóflóðakeilurnar á Selabólsurð, yfir veginn og úti sjó. Vegurinn var lokaður vegna snjóflóðahættu þegar flóðið féll. Flóðið kom ekki úr Urðarskál, heldur úr vanganum innan við.
Selabólsurð, undir Urðarskál	14/15.1.2020	55502	F / 4	1000 / 450 / 1.8	Stórt flekafloð féll úr hliðinni innan við Urðarskál. Samhangandi brotstál var undir þykka hraunlagastaflanum ofarlega í fjallinu. Tvær stórar flóðtungur voru í tveimur giljum og sameinuðust í eina tæplega 500 m breiða tungu sem fór yfir veg og úti sjó.
Selabólsurð, undir Urðarskál	13/14.1.2020	55503	F / 2	250 / 48 / -	Snjóflóð féll í gili innan við Urðarskál sem stöðvaðist í brekkurótum.
Önundarfjörður utan Flateyrar	16.1.2020	55457	F / 3,5		Þurrt flekahlaup féll kl 16:59 utan við Kálfeyri í norðanverðum Önundarfirði. Kóf frá flóðinu náði langt úti sjó og sást vel frá Flateyri. Veður var orðið gott en enn einhver skafrenningur fram af fjöllum utarlega í Önundarfirði.
Bjarnadalur austanverður	19.1.2020	55505	Fv / 4	900 / 120 / -	Stórt snjóflóð féll í Kirkjubólshlíð á móti bænum Tröð í Bjarnardal. Ábúendur í Tröð frá 1983 hafa ekki séð flóð af þessari stærð á þessum stað áður.
Innra-Hvilftarhorn	19.1.2020	55483	Fv / 2		Vott flekafloð féll innan við skógræktarreitinn.
Hólsfjall	19.1.2020	55484	Fv / 2		Tvö lítil vot flekafloð féllu milli Garðardals og Kaldárdals í Hólshyrnu.
Kaldárdalur	4.2.2020	55561	F / 2	- / 90 / -	Þunnt en breitt flóð féll við Kaldárdal innan við Selabólsurð. Flóðið náði ekki langt.
Breiðadalur norðanverður	10.2.2020	55587	F / 2		Þurrt flekahlaup féll í norðanverðum Breiðadal.
